

Vinnureglur farsóttanefndar um fundargerðir og vinnugögn

1. Þegar spítalinn er á hættustigi og neyðarstigi þá starfa farsóttanefnd og viðbragðstjórn saman og eiga reglulega fundi. Þessar fundargerðir eru lýsandi fyrir samtöl þeirra sem sitja þessa fundi og bera ábyrgð á viðbrögðum Landspítala og endurspegla rökin fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru hverju sinni. Fundargerðir þessar eru sendar öllum fundarmönnum og landlækni og vistaðar á drifi farsóttanefndar. Þær eru afhentar þeim sem þess óska skv. upplýsingalögum.
2. Á hættustigi og neyðarstigi hittist farsóttanefnd allt að nokkrum sinnum á dag til að undirbúa hina daglegu fundi og leggja drög að ráðstöfunum sem huga þarf að. Efni þessara samskipta er skráð en þau eru óformleg vinnugögn nefndarinnar til eigin nota við undirbúning hinna daglegu funda og innihalda hugleiðingar og samræður um viðfangsefnin hverju sinni. Því skal ekki afhenda þriðja aðila gögn um þessi samskipti nema samkvæmt lagaskyldu. Gæta skal að því að komi upplýsingar af eftirtöldu tagi fram í þessum samskiptum þá verði þær teknar upp á hinum reglulegu fundum og skráðar í fundargerðum þeirra, ef þær er ekki þegar að finna í öðrum slíkum fundargerðum:
 - a. Upplýsingar um málsatvik sem hafa þýðingu vegna úrlausnar viðkomandi máls.
 - b. Ákvarðanir um meðferð máls og forsendur ákvarðana.
 - c. Aðrar mikilvægar upplýsingar, m.a. um samskipti við almenning og önnur stjórnvöld.
3. Á óvissustigi fundar farsóttanefnd daglega eða eftir þörfum og heldur fundargerðir þar sem ákvarðanir og rökstuðningur fyrir þeim er tíundað. Forstjóri fær afrit af fundargerðum farsóttanefndar á óvissustigi. Þessar fundargerðir eru afhentar þeim sem þess óska skv. upplýsingalögum.



Már Kristjánsson formaður farsóttanefndar